

FERÐAMANNAVEGIR SKIPULAG OG FAGURFRÆÐI

Vaðlaheiðarvegur

fyrir ferðamenn?



VERKEFNIÐ ER STYRKT AF RANNSÓKNARSJÓÐI VEGAGERÐARINNAR 2009

Arnhildur Pálmadóttir Arkitekt FAÍ - arnhildur@simnet.is

Efnisyfirlit:


Inngangur. Ferðamannavegir í Noregi og möguleikar íslenskra ferðamannavega.	bls. 2
Forsendur. Rannsóknir tengdar ferðamannavegum á Íslandi og áframhaldandi þróun þeirra.	bls. 3
Skilgreining. Skilgreining á áhugaverðum atriðum sem tengjast íslenskri vegagerð, náttúru og sögu.	bls. 4
Niðurstaða og samantekt. Framtíðarsýn fyrir skipulag og fagurfræði ferðamannavega á Íslandi.	bls. 13
Heimildaskrá.	bls. 15


Vaðlaheiði

832

Ekki er ólíklegt að Vaðlaheiðin dragi nafn sitt af orðinu vaðall (vaðlar í fleirtölu) sem merkir landgrynningar í sjó, sem vaða má yfir eða ganga þurrum fótum út fyrir.

(Íslensk orðabók handa skólum og almenningi.
1996. Rvk. Bókaútgáfa Menningarsjóðs.)





www.turistveg.no

Inngangur.

Upp á síðkastið hefur áhugi á fyrirbærinu “ferðamannavegur” aukist verulega. Ein af ástæðunum er sú að í Noregi hefur verkefni af þessu tagi heppnast vel og vakið mikla athygli. Með því að endurskilgreina gamla vegi, gera þá aðgengilega með góðu viðhaldi, merkingum, fagurfræði í hönnun og tengingu við sögu og hefðir svæðisins hefur Norðmönnum tekist að auka framboð sitt til ferðamanna til muna og þá sérstaklega til afskekktara staða á landsbyggðinni. Ferðamannavegir Norðmanna höfðu fyrst og fremst til þeirra sem ferðast með fólksbílum, á hjólum og eru gangandi, þó að sumir veganna séu einnig í almennri notkun. Miðast hönnun, viðhald og frágangur mannvirkja aðallega við þessa notendur. Aðgengileg vefsíða með öllum upplýsingum varðandi staðsetningu, aðkomu og þjónustu á vegunum er til staðar sem auðveldar notendum að skipuleggja ferðalag sitt¹. Íslendingar hafa mikla möguleika á að nýta sér sína gömlu vegi til gleði, fróðleiks og ánægju fyrir innlenda og erlenda ferðamenn. Ein af ástæðunum fyrir því er að Íslendingar hafa í gegnum söguna nýtt sér landleiðina milli staða og er á mörgum stöðum hægt að sjá kynslóðir vega hlið við hlið í landslaginu. Vegir og vegamannvirki sem enn eru áþreifanleg eru líka minnisvarði um hönnun, fagurfræði og handverk fyrri tíma sem eru jafnvel að deyja út. Margir hinna gömlu vega liggja í gegnum stórkostlegt umhverfi sem við gleymum stundum að njóta þar sem við brunum í gegnum landslagið með það að markmiði að komast sem fyrst á milli A og B.

¹ Nasjonale Turistveger - www.turistveg.no (Vigdís Lobens-Statens Vegvesen-Region Vest.)

Forsendur:

Nokkur verkefni hafa verið unnin í tengslum við ferðamannavegi. Markmið þeirra hefur verið að skilgreina hugtakið ferðamannavegir og hvaða leiðir eru í boði. Eftirfarandi eru helstu skilgreiningar sem þar eru nefndar:

Skilgreining 1:

Ferðamannavegir geta verið ein leið eða samsett úr nokkrum vegum sem tengi saman áfangastaði sem teljast áhugaverðir. Að leiðin/leiðirnar opni aðgengi að náttúru og menningarverðmætum eða að vegurinn/vegirnir sjálfir hafi menningar og sögulegt gildi.


Skilgreining 2:

Ferðamannavegir sem eru byggðir upp frá grunni í landslagi þar sem ekki er vegur fyrir. Vegurinn myndi þá liggja að áhugaverðum stað eða tengja saman áður ótengd svæði til að auka aðgengi ferðamanna að staðnum. Með þessari skilgreiningu væri ferðamannavegur ætlaður til að aka um með hægð og í þeim áföngum sem hentar til skoðunar á landslagi og náttúrufari, til aðgreiningar frá almennum vegi sem ætlaður er undir almenna umferð og þungaumferð þar sem markmiðið er að komast sem fyrst á milli staða².

² Skýrsla VSÓ ráðgjafar unnin með Vegagerðinni. <http://www.vegagerdin.is>

Skilgreining:

Ástæða er til að taka næsta skref og byrja að “þysja inn” á ákveðin svæði til að kanna hvaða möguleikar eru raunverulega fyrir hendi. Hægt er að byrja þá vinnu á því að skoða gamla þjóðvegi, landsvegi, héraðsvegi og tengivegi. Hægt er að skilgreina þar mikilvæg atriði eins og sérstöðu íslenskra vega, viðhaldi og vernd sögunnar auk náttúrufegurðar. Mjög margir vegir um allt land eru áhugaverðir og sérstakir. Verðugt verkefni væri að vinna skrá yfir þá vegi sem helst koma til greina og beina þá athyglinni að þeim stöðum sem hafa sérstaklega áhugaverðar minjar, mannvirki og sögu.



Mikilvægt er að finna ákveðnar skilgreiningar sem geta myndað grunn og þannig orðið fyrirmynd við hönnun allra ferðamannavega. Ein leiðin er að skoða vel aðstæður á ákveðnum stað. Í því samhengi var landsvegur númer 832 - Vaðlaheiðarvegur valinn. Vegurinn liggur um Steinsskarð og fer hæst í 520 metra hæð yfir sjávarmáli. Bílaumferð yfir Vaðlaheiði hófst árið 1930 en var færð norður í Víkurskarð árið 1985. Leiðin um Vaðlaheiði er áhugaverð í sjálfu sér með frábæru útsýni, áhugaverðum minjum og sínum þekktu snúningsbeggjum³. Vegurinn tengir jafnframt saman tvö svæði sem eru vinsæl hjá ferðafólki hvort á sinn hátt, Akureyri og Fnjóskadal (Vaglaskóg). Vegurinn er einnig áhugaverður sem tilraunaverkefni þar sem hann er frekar stuttur, aðeins 18 kílómetrar, liggur nálægt byggð sem auðveldar viðhald og framkvæmdir. Við Akureyri tengist vegurinn Leiruvegi sem liggur yfir Leirusvæði Eyjafjarðarár. Leiran er fæðustaður margra fuglategunda á vorin og samastaður sela seinnipart veturs og fram á vor⁴.



³ Vegagerðin - Jakob Hálfðanarson, minjavörður á Vegminjasafni

⁴ Eyjafjarðará-Óshólmar: www.nat.is/

Vaðlaheiðarvegur (832)


Áfangastaðir, upphafs og endapunktur:

X₁ Akureyri (Leirusvæði Eyjafjarðarár)

X₂ Vaglaskógur-Fnjóskadalur
(Steinbogabrú 1908)

Eftirtekarverð atriði.

1. Vegir, sagan og þróun í vegagerð.
2. Saga svæðisins og aðrar sögur tengdar því.
(Allt svæðið)
3. Brýr, ræsi og önnur vegamannvirki tengd veginum.
4. Sérstaklega áhugavert útsýni frá veginum.
5. Mannvirki (önnur en vegamannvirki) nálægt eða við veginn
6. Náttúrufræðileg atriði eins og jarðsaga, lífríki (flóra og fána).



1. Vegir og sagan, þróun í vegagerð.

Sumsstaðar eru 3 kynslóðir vegagerðar sjáanlegar á Vaðlaheiði. Mögulegt er að sýna uppbyggingu veganna, hvernig þeir voru lagðir og hverjir voru að nota þá. Hvernig vegagerð hefur þróast í gegnum árin og hvaða forsendur liggja fyrir vali á staðsetningu veganna, hefur það breyst með tímanum og nýrri tækni? Einnig er áhugavert að nota gamlar vegamerkingar eða þróa nýja tegund skilta fyrir ferðamannavegina sem byggð er á gömlu merkingunum.



Núverandi vegur frá 1930.



Eldri vegir eru sýnilegir í landslaginu.



Tengingar við gamla veginn eru með bundnu slitlagi.




Áhugavert er að byggja nýjar merkingar á gömlum.

Vaðlaheiði 832

Ekki er ólíklegt að Vaðlaheiðin dragi nafn sitt af orðinu vaðall (vaðlar í fleirtölu) sem merkir landgrynningar í sjó, sem vaða má yfir eða ganga þurrum fótum út fyrir.

(Íslensk orðabók handa skólum og almenningi. 1996. Rvk. Bókauðgáfa Menningarsjóbs.)





Í hinum þekktu beygjum austanmegin í Vaðlaheiðinni (sem eru um 13 talsins) hefur verið notast við gulmálaða steina til leiðbeiningar og til að varna því að keyrt sé út úr beygjunum. Þarna er tækifæri til að vinna með merkingar sem hafa fest sig í sessi gegnum tíðina og jafnvel færa þær í nýjan búning.

2. Saga svæðisins og aðrar sögur tengdar því.

Frásagnir úr íslendingasögum, drauga og álfasögur, frásagnir af ferðum á ólíkum tímum og fleira sem er áhugavert að skrásetja og sýna við veginn.



3. Brýr, ræsi og önnur vegamannvirki tengd veginum.

Áhugavert er að halda við og gera upp brýr og ræsi sem eru á svæðinu og sýna þannig hvernig ár og lækir hafa áhrif á vegagerð. Í kringum brýrnar myndast fallegir bollar þar sem áin rennur undir þær, þetta býður upp á þann möguleika að staðsetja skjólgóð sæti, borð og bekki sem áningarstað. Í tengslum við þetta þarf annað hvort að breikka vegin á pörtum svo hægt sé að leggja í vegarkantinum eða að gerð séu bílastæði.



Brú á Vaðlaheiðarvegi.



Brúin yfir Fnjóská í nágrenni Vaðlaheiðar byggð árið 1908. Fyrsta steinbogabrúin hér á landi og þá talin ein sú lengsta Evrópu.



Dæmi um áningarstaði á Norsku ferðamannavegunum.

www.turistveg.no

4. Útsýni frá veginum.

Bæði austan og vestanmegin heiðarinnar er útsýnið áhrifamikilið. Á þessum svæðum mætti setja upp vegrið þar sem bratt er niður frá veginum svo hægt sé að stoppa og njóta útsýnisins. Sameina mætti hönnun vegriðs með miðlun upplýsinga um útsýnið. Handriðið gæti virkað eins og útsýnisskífa en einnig verið áningarstaður þar sem hægt er að stoppa, fara út og fá upplýsingar um staðinn. Austan megin er hægt að lesa jarðfræðina úr lagskiptingu fjallanna, vestan megin gæti það verið útsýnið og allir þeir áhugaverðu staðir sem blasa þar við eins og Hrísey, Gásir, Akureyri, Eyjafjörður, Öxnadalur, Súlur, Kaldbakur og fleira. Hægt er að setja inn sögur og frásagnir frá stöðum í kring, jafnvel frá íslendingasögnum, veiðisvæðum í firðinum og fleira.



Útsýnissvæði vestan megin í Vaðlaheiðinni.



Útsýnissvæði austan megin í Vaðlaheiði.

5. Mannvirki nálægt eða við veginn.

Í nágrenni Vaðlaheiðarvegarins eru nokkur mannvirki önnur en vegamannvirki, eins og gamlar réttir og húsgrunnur sem hægt væri að endurgera eða lagfæra og nota fyrir áningar eða þjónustustaði. Hægt er að staðsetja þjónustubyggingu við húsgrunn sem er efst á Vaðlaheiðinni. Ekki er vitað hvort hann er leyfar hins sögufræga “Vaðlaheiðarvegavinnuverkfærageymsluskúr” en þetta gefur að minnsta kosti tilefni til endurreisnar hans.



Vaðlaheiðarvegavinnuverkfærageymsluskúr

6. Náttúrufræðileg atriði eins og jarðsaga, lífríki (flóra og fána).

Mögulegt er að finna áhugaverðar útfærslur á merkingum fyrir fróðlegar upplýsingar eins og hvar hægt er að finna ákveðnar jurtir, ber og sveppi á svæðinu í kringum veginn, plöntur sem lifa í vegkantinum og einnig dýralíf.



Árið 1784 var 35 hreindýrum sleppt á Vaðlaheiði við Eyjafjörð. Þau dreifðust um hálendið upp af Fnjóskadal og fjölgaði fljótt. Upp úr aldamótunum 1800 fóru að berast kvartanir um að hreindýrin eyðileggðu bithaga og eyddu fjallagrösum. Hreindýrin voru bundin við Fnjóskadalsafrétt fram að 1822 en þá leituðu þau austur á bóginn⁵.

⁵ Skotveiðifélag Íslands - heimasíða http://skotvis.banks.1984.is/index.php?option=com_content&task=view&id=193&Itemid=61

Niðurstaða og samantekt:

Hægt er að skilgreina áhugaverð atriði við íslenska vegi og umhverfi þeirra eftirfarandi:

- 1. Sögulegar minjar:**
Vegamannvirki
Fornleifar og önnur mannvirki.
- 2. Sögur frá svæðinu:**
Íslendingasögur, drauga og álfasögur, ferðasögur.
- 3. Flóra og Fána.**
Jurta, berja og sveppatínsla.
Jurta og fuglaskoðun.
- 4. Jarðfræði:**
Jarðsaga, eldvirkni, hverir.
- 5. Veðurfar og himingeimurinn:**
Norðurljós, stjörnuskoðun, miðnætursól, vetrarstormar, þoka.
- 6. Útsýni:**
Fjöll, firðir, bæir og sögulegir staðir.

Markhópar og helstu notendur ferðamannavega eru að líkindum göngufólk, hjólreiðafólk og ferðamenn á fólksbifreiðum. Kanna þarf mögulegt aðgengi langferðabifreiða um vegina þar sem þessháttar umferð krefst meira rýmis. Við frágang veganna þarf að huga að útskotum á ákveðnum svæðum og/eða skilgreina bílastæði. Eins og áður var nefnt gætu útskýringar og upplýsingar verið samtvinnaðar vegriðum, handriðum og útsýnissvæðum svo að ekki verði of mikið af skiltamerkingum sem geta verið lýti á umhverfinu sérstaklega á vegum þar sem náttúran og upplifun á henni er stór partur af hugmyndinni.

Yfirborð Vaðlaheiðarvegarins er líkt og á flestum vegum af þeirri gerð og kynslóð malarslitlag. Áhugavert er að halda þessari áferð og uppbyggingu þar sem hún hentar vel fyrir gangandi og hjólreiðafólk og er hagkvæmt að viðhalda. Huga þarf að þeim möguleika að veginum verði ekki sinnt að vetrarlagi og þurfa því merkingar og annað að þola snjó og vetur eða að vera færanlegar svo hægt sé að koma þeim í geymslu yfir veturinn.



Mikilvægt er að skilgreina þema, útlit skilta og merkinga áður en lagt er af stað með verkefnið. Einnig er mikilvægt að allar upplýsingar um verkefnið og vegina verði strax aðgengilegt á vefsíðum og á upplýsingabæklingum til ferðamanna. Norðmenn hafa beitt þeirri aðferð að halda arkitektasamkeppnir um útfærslur bygginga, merkinga og umhverfishönnunar á ferðamannavegum sínum og hafa mörg þeirra verkefni vakið heimsathygli og vegirnir þannig fengið enn meiri auglýsingu í blöðum sem fjalla um hönnun og arkitektúr og á ferðavefum. Verkefni eins og þetta býður uppá aukna möguleika fyrir þá íbúa sem búa við eða nálægt ferðamannavegi. Eftirspurn eftir gistingu og veitingasölu eykst með auknum fjölda ferðamanna um svæðið. Ný tækifæri eins og markaður þar sem bændur geta selt framleiðslu sína opnast einnig. Þannig getur verkefnið eflt byggðir landsins.

Það eru góðar forsendur fyrir því að fara í gang með verkefni eins og ferðamannvegi, byggða á íslenskum rötum sögu og náttúru. Áhugaverðasta og uppbyggilegasta aðferðin gæti verið að nota þá vegi sem til staðar eru því þar liggur sagan sem auðveldar að draga fram atriði sem gætu vakið áhuga ferðamanna sem um þá ferðast auk þess sem mikilvægt er að varðveita þá sögu sem liggur í vegagerð og vegamannvirkjum.

Heimildir:

- a) Vigdis Lobens hjá Norsku Vegagerðinni: Statens vegvesen Region vest - Faggrupe: Turistveg
- b) Vegagerðin Íslandi: Jakob Hálfðanarson, minjavörður á Vegminjasafni - upplýsingar um Vaðlaheiði. Sigurður Jónsson, yfirverkstjóri Vegagerðin á Akureyri.

Vefsíður:

- c) Norskir ferðamannavegir: www.turistveg.no
- d) Ferðamannaleið-ferðamannavegir : skilgreining: Skýrsla VSÓ ráðgjafar unnin með Vegagerðinni. Finnst á slóðinni: [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/SkilgrFerdamanna-vega-leida/\\$file/SkilgrFerdamanna-vega-leiða.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/SkilgrFerdamanna-vega-leida/$file/SkilgrFerdamanna-vega-leiða.pdf)
- e) Þýskir ferðamannavegir: www.deutsche-alpenstrasse.de/
- f) Eyjafjarðará-Óshólmar: www.nat.is/travelguide/ahugav_st_osholmar_eyjafjardarar.htm

Myndir og kort:

- f) Norskir ferðamannavegir: www.turistveg.no
- f) Landmælingar Ísland - Náttúrvefsjá: www.lmi.is/
- g) Google Earth
- h) Myndir Íslensk náttúra: Trusted log <http://www.trustedlog.com/2007/06/25/northern-lights-aurora/>
Wikipedia http://en.wikipedia.org/wiki/File:Midnight_sun.jpg
Náttúrustofnun Austurlands. www.na.is
- i) Aðrar myndir: Arnhildur Pálmadóttir

2009

Arnhildur Pálmadóttir - Arkitekt FAÍ

arnhildur@simnet.is

gsm: 846 9081

<http://www.iaacblog.com/arnhildurpalmadottir/>

